

Nd.

233. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og orðist svo :

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

2. Á eftir komi ný (2.) gr., svo hljóðandi :

Með sömu takmörkunum sem í 1. gr. segir má hreppstjóri gera fjárnám í umboði fógeta, enda sje það eigi gert í fasteign. Þegar hreppstjóri gerir fjárnám, fer um það að öllu leyti eins og lögtak, að því leyti sem við á.

3. Fyrirsögnin verði :

Frumvarp til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.